

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Minni-Ólafsvalla og Vesturkots.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. janúar 2025.

Í breytingunni felst að 3,5 ha landbúnaðarsvæði er breytt í 0,6 ha íbúðarbyggð (ÍB12) og 2,9 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP28). Innan íbúðarbyggðar er gert ráð fyrir 3 íbúðum. Innan verslunar- og þjónustusvæðisins er gert ráð fyrir 10 gestahúsum (60 m² hvert) fyrir allt að 70 gesti. Auk þess er heimilt að vera með afþreyingu t.d. tengda hestum á svæðinu, og byggingar fyrir þá starfsemi og fasta búsetu. Hámarksbyggingarmagn er 1.200 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. febrúar 2025.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 11. mars 2025